

582. fundur

Miðvikudaginn 10. júní 2015 var haldinn fundur í nefnd skv. 87. gr. l. nr. 99/1993 í atvinnuvega- nýsköpunarráðuneytinu.

Þessir voru mættir:

Ólafur Friðriksson ANR formaður
Sigurbjörg Stella Guðmundsdóttir ANR
Baldur Arnar Sigmundsson ANR
Benedikt S. Benediktsson FJR
Kristín Sigfúsdóttir ANR ritari nefndarinnar.

1. Tekin var fyrir fundargerð 581 og samþykkt án athugasemda.
2. Auglýsing um umsóknir á WTO tollkvóta á nauta-, svína-, kinda-, geita- og alifuglakjöti, smjöri, ostum, fuglseggjum og afurðum þeirra og unnum kjötvörum, vegna tímabilsins 1. júlí 2015 til 30. júní 2016 rann út 5. júní sl. Alls bárust 12 umsóknir og náði það magn sem sótt var um ekki því magni sem í boði var í tollskrárnúmerum 0202.xxxx nautakjöt fryst, 0203.xxxx svínakjöt fryst, 0204.xxxx kinda-, og geitakjöt fryst og 0405.xxxx smjöri og annarri fitu og verður því úthlutað á grundvelli umsókna.
3. Rætt var um leiðir til úrlausna vegna Héraðsdóma sem féllu 17. mars sl. Stefnendur Sælkeradreifing ehf, Aðföng og Sælkeradreifing ehf hafa áfrýjað málunum til Hæstaréttar til að hnekkja niðurstöðu héraðsdóms um sýknu af endurgreiðslukröfu áfrýjanda. Hæstiréttur mun því dæma um lögmæti útboðsgjaldsins í 65. gr. laga nr. 99/1993. Dómur Hæstaréttar mun þó ekki falla fyrir en á haustdögum 2015 og gæti dregist fram á næsta ár. Frestað var ákvörðun til næsta fundar.
4. Erindi frá Eggert Kristjánssyni ehf dags. 4. júní 2015 um framlengingu á áður úthlutaðum WTO tollkvóta sem rennur út 30. júní nk. Verklagsregla nefndarinnar hefur verið að heimila framlengingu í 4 vikur. Ákveðið var að fresta ákvörðun til næsta fundar.

Fleira ekki gert, fundi slitið.